143. löggjafarþing 2013–2014. **Prentað upp.**
Þingskjal 879 — 518. mál. Flutningsmenn.

Tillaga til þingsályktunar

um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða.

Flm.: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Svandís Svavarsdóttir, Björt Ólafsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Óttarr Proppé, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að láta fara fram mat á heildarhagsmunum Íslands vegna hvalveiða í íslenskri lögsögu. Metnir verði efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir, hagsmunir sjávarútvegs og ferðaþjónustu sem og áhrif hvalveiða á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og á samskipti við einstök ríki. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um heildarhagsmunamatið fyrir árslok 2014.

Greinargerð.

Í mars 2010 kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands til sjávarútvegsráðherra um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða. Í skýrslunni kom fram að tap var af hrefnuveiðum árið 2009. Það árið veiddust samtals 81 hrefna en árin þar á eftir drógust hrefnuveiðar töluvert saman, 60 dýr veiddust árið 2010, 58 dýr árið 2011, 52 árið 2012 og 35 á síðasta ári. Tveggja ára hlé var gert á langreyðarveiðum 2011 sem hófust að nýju 2013 þegar 134 langreyðar voru veiddar. Veiðar á langreyð eru stundaðar af einu fyrirtæki, Hval hf., frá maí og fram á haust. Veiðarnar eru umdeildar þar sem langreyður er á lista CITES yfir dýr í útrýmingarhættu. Sterk krafa er í Bandaríkjunum um refsiaðgerðir gegn Íslandi og Bandaríkjaþing hefur virkjað hinn svokallaða Pelly-viðauka sem veitir forsetanum rétt til að ákvarða aðgerðir á borð við viðskiptaþvinganir.

Hrefnustofninn við Ísland.

Heimildum ber ekki saman um fjölda hrefna hér við land. Mat vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins er 10.680 dýr og er það mat byggt á tölum frá hvalatalningu T-NASS frá árinu 2007. Samkvæmt Hafrannsóknastofnun og NAMMCO, the North Atlantic Marine Mammal Commission, er stofninn um 20 þúsund dýr og byggir það mat á NASS 2007, auk nýrri gagna. Fyrra mat eftir talningu NASS árið 2001 var 44 þúsund dýr. Kenningar eru uppi um að minna fæðuframboð, einkum á sandsíli, hafi valdið því að dýrin leita fæðu utan íslenska landgrunnsins. Engu síður er ljóst að sveiflur í stofnmati lýsa hversu erfitt er að leggja mat á stofnstærð flökkudýra. Að óbreyttu er ekki gert ráð fyrir nýjum talningum fyrr en árið 2015.

Árið 2008 bentu Hvalaskoðunarsamtök Íslands á að mun færri hrefnur sæjust en áður. Síðan þá virðist sem hrefnum á hvalaskoðunarslóðum sem og á veiðisvæðum hafi fækkað nokkuð jafnt og þétt. Um það ber bæði hvalaskoðunarfyrirtækjum og hrefnuveiðimönnum saman. Nú er svo komið að Hvalaskoðunarsamtök Íslands telja að hrefnuveiðar í Faxaflóa ógni þessari vaxandi atvinnugrein.

CITES.

CITES, Convention on Trade in Endangered Species of Fauna and Flora, bannar verslun með afurðir hrefna og langreyða. Ísland gerðist aðili að samningnum árið 2000 en gerði fyrirvara við flokkun áðurnefndra hvalategunda, auk allra annarra hvalategunda á lista CITES yfir dýr í útrýmingarhættu. Önnur ríki sem hafa gert fyrirvara eru Rússland, Japan og Noregur.

CITES er talinn mikilvægasti alþjóðlegi samningurinn um verndun dýrategunda frá útrýmingu. Á hinn bóginn hefur verið óljóst hver stefna Íslands er á vettvangi samningsins.

Alþjóðahvalveiðiráðið.

Um þriggja áratuga skeið hefur Ísland staðið í deilum innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Árið 1992 ákvað Ísland að segja skilið við ráðið en gekk þar inn að nýju árið 2002 og þá með umdeildan fyrirvara við samþykkt hvalveiðiráðsins um núllkvóta frá árinu 2002. Árið 2010 lögðu Bandaríkin fram málamiðlunartillögu um framtíð ráðsins sem fól m.a. í sér að leyfðar yrðu veiðar fyrir heimamarkað en alþjóðleg verslun með hvalaafurðir skyldi bönnuð.

Kostnaður af hvalveiðum.

Íslenska ríkið hefur um langt árabil lagt til mikið fé til að efla hvalveiðar. Má þar nefna vísindaveiðar árin 1986–1989 og aftur 2003–2007. Enn fremur var samþykkt á Alþingi þingsályktun um hvalveiðar í mars 1999 þar sem kveðið var á um að Ísland væri ekki lengur bundið af samþykkt Alþingis frá 1983 um að hlíta hvalveiðibanninu auk þess sem ríkið mundi standa straum af kostnaði til að „kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar."

Til að unnt sé að meta hag Íslands af hvalveiðum er brýnt að fyrir liggi hversu miklu fé hefur verið varið til kynningar á málstað Íslands frá árinu 1999 og hver árangurinn hefur verið.

Staðfestingarkærur í Bandaríkjunum.

Í viðauka við Pelly-lögin um fiskveiðar hafa ítrekað verið gefnar út staðfestingarkærur þess efnis að hvalveiðistefna Íslands ógni verndaraðgerðum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Bandaríkin hótuðu ítrekað að beita ákvæðum Pelly-viðaukans á árunum 1986–1989 þegar deilan um áætlun Íslands um vísindaveiðar stóðu sem hæst. Í stað 200 hvala á ári líkt og upphaflega var stefnt að var dregið úr veiðunum og síðasta árið var fjöldi veiddra dýra kominn niður í 68 dýr.

Árið 2004 gaf viðskiptaráðherra Bandaríkjanna út staðfestingarkæru gegn Íslandi og tveimur árum síðar var hún endurnýjuð af Carlos M. Gutierrez viðskiptaráðherra. Árið 2011 var enn gefin út staðfestingarkæra og í kjölfarið sendi Obama forseti þinginu skýrslu um til hvaða aðgerða hann hygðist grípa til að fylgja eftir staðfestingarkærunni. Nýverið gaf svo bandaríska innanríkisráðuneytið út staðfestingarkæru þess efnis að hvalveiðar við Ísland brjóti gegn banni CITES við verslun með hvalaafurðir.

Jafnvægi í lífríki sjávar.

Iðulega hafa komið fram rök þess efnis að hvalveiðar séu nauðsynlegar til að halda jafnvægi í lífríki sjávar. Mikilvægt er að slíkar fullyrðingar byggist á niðurstöðum vísindarannsókna. Við mat á hagsmunum sjávarútvegs þarf að fara yfir hvort slíkar rannsóknarniðurstöður hafi verið birtar í viðurkenndum vísindatímaritum og hvort sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar telji að núverandi hvalveiðar skipti máli fyrir jafnvægi í lífríki sjávar.

Nefnd um hvalveiðar.

Hinn 20. nóvember 2012 skipaði þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra nefnd til að yfirfara núgildandi löggjöf á sviði sjávarspendýra og til að setja fram tillögur að stefnumörkun. Nefndin átti að fjalla sérstaklega um griðasvæði hvala og dýraverndarsjónarmið. Henni var einnig ætlað að meta efnahagslega þýðingu veiðanna og stöðu ímyndarmála sem tengjast hvalveiðum og möguleg áhrif þeirra á aðrar atvinnugreinar. Mikilvægt er að heildarhagsmunamatið taki mið af þeirri vinnu eftir því sem við á.

Mikilvægt er að óháð mat á heildarhagsmunum Íslands vegna hvalveiða fari fram. Þar verði skoðaður efnahagslegur ávinningur, svo sem hagnaður, útflutningstekjur og atvinnusköpun af hvalveiðum annars vegar og hvalaskoðun hins vegar. Þá verði lagt mat á hvort þessar atvinnugreinar geti þrifist samhliða á sömu slóðum. Einnig verði lagt mat á hvort hvalveiðar skaði viðskiptahagsmuni Íslands og aðra hagsmuni á alþjóðavettvangi.